

Nr. 22/1907:

Samson Eyólfsson fyrir hönd
Magnúsar B. Guðmundssonar
gegn

Þorvaldi prófasti Jónssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn Samson Eyólfsson höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar samkvæmt innheimtuumboði fyrir Magnús B. Guðmundsson, snikkara á Flateyri, gegn hinum stefnda Þorvaldi prófasti Jónssyni, til þess að fá hann til að greiða af hendi arf konu nefnds Magnúsar eftir móður hennar látna, að upphæð með vöxtum og vaxtavöxtum 3472 kr. 22 aur., og var málið dæmt í nefndum rétti 20. desbr. f. á. á þá leið, að prófastur Þorvaldur Jónsson var sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu, en áfrýjandi var dæmdur til að greiða 12 kr. í málskostnað.

Þessum aukaréttardómi hefir Samson Eyólfsson eftir sama innheimtuumboðinu skotið til yfirdómsins fyrir hönd Magnúsar B. Guðmundssonar og gjört þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1714 kr. 05 aur. með vöxtum og vaxtavöxtum 5⁰/₁₀ frá upphafi til greiðsludags, og ennfremur allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Telur sækjandi, að hin fyrgreinda upphæðin komi fram, er vextir og vaxtavextir »frá upphafi« eru lagðir við hina síðar tilgreindu upphæðina.

Stefndi, prófastur Þorvaldur Jónsson, hefir af sinni hálfu krafist þess, að aukarétturdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Við skifti, er fram fóru á Ísafirði árið 1888, hlaut kona Magnúsar B. Guðmundssonar arf eftir móður sína að upphæð 1714 kr. 05³/₈ aur. Arfur þessi var látinn standa inni hjá föður erfingjans, verzlunarstjóra Sophus Nielsen. Árið 1894, hinn 31. desember, gefur erfingi þessi út yfirlýsingu þess innihalds, að með því að fjárhaldsmaður hennar, Sophus V. Nielsen, hafi gjört henni full skil fyrir fjárhaldi hans yfir arfi þeim, er henni hlotnaðist í skiftum 8. sept. 1888 eftir móður hennar, að upphæð 1714 kr. 05³/₈ aur., þá kvittar hún nú ásamt undirskrifuðum, skipuðum tilsjónarmanni sínum tédan fjárhaldsmann (ö: föður hennar) og yfirfjórðastjórn Ísafjarðarkaupstaðar fyrir arfinum. Yfirlýsing þessi eða kvittun var undirskrifuð af erfingjanum og hinum stefnda, er var skipaður tilsjónarmaður ad hoc. Erfinginn, kona Magnúsar, var þá komin yfir tvítugt, og virðist hún hafa látið sér það lynda, að arfur hennar eftir sem áður stóð inni hjá föður hennar, er þá var talinn vel efnum búinn. Hann dó eigi fyr en haustið 1905, og verður eigi séð, að krafa hafi verið gjörð til arfsins fyrir lát hans. En nú virðist arfurinn eigi hafa fengist úr dánarbúi hans og hefir því kröfunni í máli þessu verið snúið á hendur stefnda. Eftir því sem fram er komið í málinu hefir hann þó engin afskifti haft af búaskiftum þeim, sem hér er um að ræða, og eigi hefir hann haft fjárhald oftnefnds erfingja, konu Magnúsar; faðir hennar, Sophus Nielsen áðurnefndur, hafði fjárhald hennar. Þá hefir arfur hennar að engu leyti runnið inn til stefnda, eða komið undir umráð hans. Hann er að engu leyti við riðinn þetta mál og hefir eigi verið, nema því einu, að hann undirritaði áðurnefnda yfirlýs-

ingu eða kvittun með erfingjanum, sérstaklega skipaður til þess sem tilsjónarmaður, þar sem hún kvittar fjárhaldsmanninn, föður sinn, fyrir fjárhaldinu. Með þessari undirskrift sinni tók hann eigi að sér neina ábyrgð með tilliti til þess, að erfinginn lét arfaféð eftir sem áður standa inni hjá föður sínum og fjárhaldsmanni, unz hann lézt, en það var nærfelt 11 árum síðar, og að lögum bar stefndi eigi ábyrgð á þessu. Það verður því að fallast á það, að stefndi er sýknaður með aukaréttardómnum, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast, verður að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum geiur áfryjandi eigi komist hjá því að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðast 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfryjandi Samson Eyólfsson fyrir hönd Magnúsar B. Guðmundssonar greiði stefnda, prófasti Þorvaldi Jónssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.